

Skólaráð Naustaskóla

5. fundur ársins 2012 þann 25. apríl kl. 8:10

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Vaka Óttarsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon.

Fulltrúar starfsmanna: Sigurlaug Jónsdóttir, Sandra Mjöll Tómasdóttir.

Fulltrúar nemenda: Pétur Már Guðmundsson, Hrannar Þór Rósarsson.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Skóladagatal.** Afgreiðslu skóladagatals frestað þar sem nýlega er kominn fram úrskurður ráðuneytis um að óheimilt sé að tvítelja daga á skóladagatali.
2. **Viðmiðunarstundaskrá.** Yfirfarin drög að viðmiðunarstundaskrá. Breytingar hafa verið gerðar á þann hátt að auka vægi leikrænnar tjáningar á miðstigi og valgreina á unglíngastigi.
3. **Stundaskrárramma 2012-2013.** Lögð til breyting á þann hátt að "fastar frímínútur" færist síðar á morguninn.
4. **Valgreinar í 8.-10. bekk.** Rætt um valgreinaframboð og komu fram nokkrar hugmyndir að breytingum og nýjum valgreinum.
5. **Matsmál.** Fyrir fundinn fengu fulltrúar sendar niðurstöður starfsmannasamtala og niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal foreldra. Eftir er að vinna betur úr niðurstöðum viðhorfskönnunarinnar m.t.t. mismunar milli árganga/stiga o.sfrv.
6. **Önnur mál**
 - a. **Skólalóðin.** Rætt um framtíðarskipulag skólalóðarinnar. Eftir er að ljúka hönnun á síðari hluta lóðarinnar og þarf að fara í hugmyndavinnu innan skólans vegna þess.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið um kl. 9:20

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð